

# Lagnafélag Íslands

## Aðalfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Samkvæmt dagskrá fundar
Fundartími:	29.05.2017, 17.00 – 18:30
Fundarstaður:	Verslun Ísleifs Jónssonar að Draghálsi 14-16
Fundarritari:	Högni H

1. Setning fundar. Jón Sigurjónsson, formaður félagsins setti fundinn.

2. Kosning fundarstjóra. Kristján Ottósson var kosinn fundarstjóri.

3. Kosning fundarritara. Högni Hróarsson var kosinn fundarritari.

4. Skýrsla stjórnar. Formaður félagsins, Jón Sigurjónsson, flutti skýrslu stjórnar. 5 stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. LAFÍ hélt 30 ára afmælisráðstefnu „Gæði innilofts og neysluvatns“ þann 17. nóvember 2016. Viðurkenning LAFÍ „Lofsvert lagnaverk 2016“ var veitt af verndara hátíðarinnar hr. Guðna Th. Jóhannssyni forseta Íslands.

Umræður: Egill Skúli Ingibergsson spurði hvor eitthvað hafi heyrst af vinnu Mannvirkjastofnunar varðandi skoðunarhandbækur. Vinnan mun víst enn vera í gangi og ekkert nýtt heyrst af því.

5. Reikningar kynntir. Birgir Hólm fór yfir reikninga félagsins árið 2016.

Umræður: Birgir Hólm spyr um útistandandi félagsgjöld. Kristján Ottósson upplýsir að ekkert sé gert ef félagsmenn ekki borga útsenda reikninga. Greiðandi félagsmenn séu um 80 talsins. Reikningar voru samþykktir einróma.

6. Skýrslur fagráða.

Gæðamatsráð. Egill Skúli Ingibergsson flutti skýrslu ráðsins. Eitt mál barst til gæðamatsráðs á árinu og lýsti Egill málinu og ferli þess í stórum dráttum.

Viðurkenningarnefnd. Þórður Búason flutti skýrslu nefndarinnar. Að þessu sinni barst ábending frá ráðgjafa um Hátækniþróunarsetur lyfjafyrirtækjanna Alvogen og Alvotech í lífefnataekni, sem fékk vegna ótvíræðrar sérstöðu, viðurkenningu félagsins árið 2016 fyrir faglegan undirbúning, lagnir og háþróaðan búnað. Afhending viðurkenninga fór fram að Bessastöðum við hátíðlega athöfn þann 22. Maí 2017, í boði forseta Íslands herra Guðna Th. Jóhannessonar en flest ár hefur viðurkenning verið afhent á verkstað. Þeir aðilar sem fengu viðurkenningu voru: Lagnatækni, Verkís, Efla, Rafmiðlun hf., Karl Magnússon, GHlagnir, Vélsmiðja Þorgríms, M+W Process Industries GmbH, Alvotech, Ísloft, Blikksmiðurinn, Blikksmiðja Einars.

Umræður: Birgir Hólm spyr um stöðu annarra fagráða. Kristján Ottósson svarar því til að formaður félagsins er sjálfkrafa formaður allra fagráða en honum sé frjálst að útteila því hlutverki. Egill Skúli sé nú formaður Gæðamatsráðs og Þórður Búason formaður Viðurkenningarnefndar. Enginn hefur fundist til taka að sér formennsku í fagráðum pípukerfa, loftræsikerfa né stjórnkerfa. Jóhannes

Þorkelsson bendir á mikilvægi þess að auka samstarf LAFÍ við meistarasamböndin, öllum félagsmönnum til hagsbóta.

7. Kosning stjórnar. Formaður: Jón Sigurjónsson. Aðrir í stjórn: Þórir Guðmundsson, Kjartan Mar Eiríksson, Birgir Hólm, Hreggviður Sigurðsson, Högni Hróarsson, Sigurður Símonarson.

8. Kosning 2 skoðunarmanna reikninga. Egill Skúli Ingibergsson, Friðrik Kristinsson. Til vara Guðmundur Hjálmarsson.

9. Ákvörðun um félagsgjald. Tillaga er lögð fram um hækkun úr 4.000 kr í 4.300 kr. Tillagan samþykkt.

10. Önnur mál. Umræður spruttu um framtíð félagsins. Rætt var um hvort félagið eigi samleið með starfsemi Iðunnar Fræðsluseturs og gæti hugsanlega runnið inn í það félag.

Fundarmenn voru 8 talsins.

Fundi slitið 18:30.